

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr 297

september 2016



**We Serve**

September 2016. Blað nr. 297  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumðæmi 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionskrífstofan, Sóltúni 20, 105  
Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122

Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrífstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ  
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2016 – 2017

Fjölumðæmisstjóri: Árni Brynjólfur

Hjaltason, Lkl. Njarðvík

Umdæmisstjóri 109A: Gunnar

Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.

Umdæmisstjóri 109B: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur

Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri:

Guðmundur Helgi Gunnarsson,

Lkl. Fjörgyn.

Vara fjölumðæmisstjóri: Jón Pálmason  
Lkl. Viðar.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn  
Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.  
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar  
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson,  
Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,  
Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson,  
Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur  
Ingvarsson, Lkl. Borgarnes.

NSR 2017 formaður þingnefndar:  
Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.

GLT stjóri (menntun og  
leiðtogaþjálfun): Halldór  
Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):  
Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafa.

GMT/konur í Lions: Hrunn  
Hjaltadóttir, Lkl. Fold

NSR-AU nefndarmaður/  
Lestaráttaksstjóri: Hrunn Hjaltadóttir,  
Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni  
Þorsteinsson fyrrv. alþjóða-  
stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson,  
Lkl. Seltjarnarness.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís  
Þorsteinisdóttir, Lkl. Æsa.

Ungmennaverkefnastjóri:  
Ósk Aradóttir, Lkl. Úu.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar-  
maður: Jón Bjarni Þorsteinsson

Lkl. Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson,  
Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,  
Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,  
Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar:  
Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Laganefnd (form.): Áslaug

Þórarinsdóttir, Lkl. Búðardals

Lions Quest stjóri: Magnús J.

Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Daníel

Þórarinsson, Lkl. Nirði.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.  
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Benjamín  
Jóspesson, Lkl. Akranes

Varaumðæmisstjóri 109A: Ellert  
Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Varaumðæmisstjóri 109B: Björn  
Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:  
Geirþrúður Fanney Bogadóttir,  
Lkl. Æsa.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:  
Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:  
International President: Robert „Bob“  
E. Corlew USA

Immediate Past President: Dr. Jitsuhiro  
Yamada Japan

First Vice President: Naresh Aggarwal  
Indland

Second Vice President: Guðrún Björt  
Yngvadóttir Island

First Year Directors

Bruce Beck,

Tony Benbow,

K. Dhanabalan,

Luiz Geraldo Matheus Figueira,

Markus Flaaming,

Elisabeth Haderer,

Magnet Lin,

Sam H. Lindsey, Jr.,

N. Alan Lundgren,

Joyce Middleton,  
Nicolin Carol Moore,  
Yasuhisa Nakamura,  
Aruna Abhey Oswal,  
Vijay Kumar Raju Vegesna,  
Elien Van Dille,  
Jennifer Ware,  
Jaepung Yoo.

Second Year Directors:

Melvyn K. Bray,

Pierre H. Chatel,

Dr. Eun-Seouk Chung,

Gurcharan Singh Hora,

Howard R. Hudson,

Sanjay Khetan,

Robert M. Libin,

Richard Liebno,

Helmut Marhauer,

William L. "Bill" Phillipi,

Lewish Quinn,

Yoshiyuki Sato,

Gabriele Sabatosanti Scarpelli,

H. Jerome Thompson,

Ramiro Vela Villarreal,

Roderick Paul Wright.

Katsuyuki Yasui

Upplag: 2400 eintök – Pökun og  
dreifing: Þorkell Cýrusson og Sigfríð  
Andradóttir

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.  
Forsíðumynd: Bob Corlew alþjóðforseti  
og Dianne eiginkona hans.



## Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Fyrsta tölublað starfsársins 2016 til 2017 er nú komið út. Blaðið er fjölbreytt að vanda að þessu sinni en enn er þó hægt að auka fjölbreytnina. Það gerist einungis ef fleiri taka sig til og skrifa greinar í blaðið. Ég mun halda áfram að fjalla um sögu lionsklúbba í næstu blöðum þó ekki sé grein í þessu blaði. Eins hef ég hug á því að fá fleiri en lionsmenn til að skrifa í blaðið og þar með kynna sína starfsemi. Eins og kom fram í síðasta tölublaði þá hefur Lionsklúbburinn Fjörgyn ákveðið að láta af pökun blaðsins og að koma því í póst eftir tveggja ára starf. Ég þakka þeim gott starf síðastliðin ár. Þar sem ég bý úti á landi þá á ég erfitt með að sinna þessu sjálfur og þarf því að leita til ykkar ágætu lionsfélagar að bjóða ykkar starfskrafta fram til að sinna þessu. Einn klúbbur hefur haft við mig samband og list yfir áhuga á að sinna þessu en þegar þetta er skrifað hefur sá klúbbur ekki tekið endanlega ákvörðun um að taka starfið að sér. Ég sé mig því knúinn til að auglýsa enn eftir áhugasömum klúbbum á „stór“ Reykjavíkursvæðinu. Í þessu blaði eru margar áhugaverðar greinar sem ég hvet ykkur til að lesa, s.s. um mislinga og frá öðrum vara forseta Lionshreyfingarinnar sem eins og ykkur öllum er vafalaust kunnugt er Guðrún Björt Yngvadóttir.

Að lokum óska ég okkur öllum góðs gengis í öllum okkar störfum í vetur bæði störfum fyrir hreyfinguna og öðrum störfum sem við tökum okkur fyrir hendur.

Netfang Lionsblaðsins er: [lbl@simnet.is](mailto:lbl@simnet.is)

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 20. október

# Lestin brunar af stað

## Pistill frá alþjóðaforseta

Bob Corlew

alþjóðaforseti



síðustu 100 árin. Á aldarafmælinu okkar munum við virða og muna eftir því liðna um leið og við keyrum hina miklu Lionshreyfingu okkar áfram á fullri ferð. Í gegnum okkar löngu sögu höfum við ekki einungis aðstoðað einstaklinga, en einnig haft áhrif á heilu byggðarlögin. Eftir að jarðskjálfti og flóðbylgja lögðu Afognak í Alaska í rúst árið 1964, þá

Kathy Singleton sendi nýlega tölvupóst til Alþjóðaskrifstofu Lions. Þar sagði hún frá að þegar hún var í fyrsta bekk í skóla í Springfield, Missori, þá gaf Lionsklúbburinn henni fyrstu gleraugun hennar, ég man hvað ég var glöð þegar ég gat séð og greint á milli laufanna á trjánum og einnig hvað heimurinn er fallegur skrifaði hún. Ég bið þess að þið getið hjálpað miklu fleiri börnum eins og þið hjálpuðu mér.

Já, frú Singleton, á næstu 100 árum munum við hjálpa börnum sem og fullorðnum eins og við höfum verið að gera

reisti Lionshreyfingin nýjan bæ fyrir íbúana. Fimm árum áður gerðist það í nautgripahéraði í Texas að stærsti bærinn var reglulega í hættu vegna þurrka og gresjuelda. Lionsfélagar í Leaky stofnuðu slökkvilið ásamt slökkvibíl. Árið 1925 byggðu York Lionsfélagar í Pennsylvaníju upp velútbúið ferðabókasafn vegna þess hve skólarnir voru vanbúnir í þeim efnunum. Blöð Lionshreyfingarinnar í gegnum öldina eru full af slíkum dæmum sem hafa breytt lífi fólks og hreinlega bjargað mörgum. Markmið okkar er að leggja minnst 100 milljónum fólks lið fyrir júní 2018. Við erum á góðum skrið með að fara fram úr því. Endilega fáðu klúbbinn þinn til að hoppa á lestina. Haldið einnig uppá aldarafmælið með að bjóða vinum og ættingjum til að vinna með ykkur og ráðgera afmælisverkefni í heimabyggðinni. Finndu út hvernig á að taka þátt á lions100.org

Það er mér mikill heiður að vera Aldarafmælisforseti og ég vona að þið séuð eins hrifin af að vera Lionsfélagar á þessum sérstaka tíma í sögu okkar. Þjónustan sem við framkvæmum í dag mun bergmála til þeirra sem á eftir koma, styrkja Hreyfinguna og skilja eftir betri klúbba til þeirra kynslóða sem á eftir koma.

Chancellor Bob Corlew

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson

## MISLINGAR – MISLINGAFARALDUR

Ágætu Lionsfélagar, Lionshreyfingin hefur nú á síðustu árum verið að reyna að útrýma mislingum á heimsvísu. Það er vitað mál að á degi hverjum deyja 360 börn vegna sjúkdómsins. Mislingar er einhver mest smitandi veirusjúkdómur sem til er. Veiran sem veldur sjúkdómnum nefnist Morbili. Talið er að mislingar séu einn óþægilegasti barnasjúkdómurinn og sá hættulegasti af þeim sem valda útbrotum, orsökkin er sú að sjúkdómurinn getur haft alvarlega fylgikvilla.

Lionsfélagar við verðum að bregðast við þessu með því að kynna þetta í klúbbum okkar. Hugsum okkur, 360 börn deyja á hverjum degi vegna mislinga. Þetta er eins og tvær venjulegar flugvélar myndu farast, hvað yrði þá sagt. Þetta er ekki mikið í fréttum. Við eigum möguleika á því að leggja þessari baráttu lið því fyrir hvern dollar sem við söfnum mun Bill Gates stofnunin gefa okkur 1 dollar og eins önnur samtök, Gavi stofnunin, 1 dollar. Þannig að fyrir hvern dollar sem við söfnum fara 3 dollarar í baráttuna. Bólusetning, sem kostar 1 dollar (120 kr), getur bjargað mannlífi því er ákaflega mikilvægt að hreyfingin leggi þessu lið. Ef við hefjum söfnun þá ber að geta þess að við getum gert lionsfélaga að Melvin Jones félagi fyrir hverja 1000 dollara sem við söfnum.

Það er vitað að mislingar valda ónæmi sem stendur ævina á enda, því geta menn aðeins fengið mislinga einu sinni á ævinni. Úr annálum getum við lesið að mislingar gengu á Íslandi fyrir á öldum. Sumarið 1846 gengu mislingar á Íslandi, þá er talið að af völdum mislingum og afleiðingum þeirra hafi um það bil 2000 manns látist á öllu landinu. Í Reykjavík gerði sóttin svo mikinn usla að varla sást nokkur maður á ferli suma dagana meðan sóttin geisaði. Slæmur mislingafaraldur geisaði einnig hér á landi 1882.

SMITLEIÐIR MISLINGA – Úðasmit berst í lofti og því getur þetta borist á milli herbergja, jafnvel þó smitaðir séu hafðir í einangrun. Þess vegna ber að gæta þess að allir þeir sem ekki hafa áður fengið mislinga eiga á hættu að smitast að undanskildum börnum yngri en 4 mánaða, því þau njóta verndar efna sem þau fá frá móðurmjólkinni að því gefnu að móðirin hafi fengið mislinga. Hættan felst í því að hérlandis göngum við örugg og segjum að þetta muni ekki koma fyrir hér, en nú hefur eitt tilfelli komið upp á.

Ágætu Lionsfélagar. Hugsum okkur ef við værum að lesa blöðin á morgnana og fá fréttir, að við myndum heyra að tvær farþegavélar með 180 farþega ásamt áhöfn myndi farast á einum og sama deginum. Þá yrði það mikið fréttaeefni. Þetta ástand sem nú er í heiminum, er mest í Afríku og í fátæku ríkjunum og er líklega þess vegna ekki mikið í fréttum. Við eigum nú stóran möguleika á að leggja lið. Ef við söfnum 30 milljónum dollara í þessu átaki þá mun Bill Gates stofnunin leggja aðrar 30 milljónir til eða 1 dollara fyrir hvern 1 dollar hjá okkur og það sem er enn mikilvægara, Gavi stofnunin mun leggja til 1 dollar til, þannig að þá gætum við safnað 90 milljónum dollara. Þetta myndi þýða það að 90 milljónir barna fengju bólusetningu, forvörn við mislingum og fengju ekki þá veiki.

Lionsfélagar kynnum þetta málefni og stöndum vörð um það. Leggjumst saman á árar og hefjum söfnun og gerum okkar til að hjálpa við að útrýma mislingum í heiminum. Nú er tækifæri, við skulum sýna hvað við getum. Útrýmum mislingum.

Jón Bjarni Þorsteinsson

# Fjölumdæmisstjóri

Arni Brynjólfur Hjaltason

Fjölumdæmisstjóri



Kæru lionsfélagar  
99. Alþjóðafundur Lions var haldið dagana 24-28 júní í Fukuoka í Japan.

Fórum við hjónin ásamt Gunnari Vilbergsyni umdæmisstjóra 109A og Björg Báru Halldórsdóttur umdæmisstjóra 109B og mökum þeirra. Þá voru einnig með í för, Einar Helgason félagi í Lkl. Fjörgyn sem var Lionsljósmyndarinn í ferðinni, Kristín Þorfinnsdóttir Lkl. Emblu, Kristinn Hannesson Lkl. Mosfellsbæjar, Dagný Finnsdóttir Lkl. Úu og síðast en ekki síst, Guðrún Björt Ingvadóttir Lkl. Eik og Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar ásamt börnum og barnabörnum.

Á þinginu var kosinn nýr alþjóðaforseti fyrir starfsárið 2016-2017,

Robert „Bob“ E. Corlew og kemur hann frá Milton Tennessee í Bandaríkjunum.

Hann hefur verið félagi í Murfreesboro Noon lionsklúbbum síðan 1978.

Eiginkona hans er Dianne, hún er einnig lionsfélagi.

Þau eiga fimm börn og fimm barnabörn.

Á þinginu var okkar kona, Guðrún Björt Yngvadóttir, kosin 2. varaforseti alþjóðafundar hreyfingar lions og fékk hún mjög góða kosningu.

Við erum alveg gríðarlega stolt af henni, innilega til hamingju Guðrún Björt.

Alþjóðaforseti Bob Corlew heimsótti okkur ásamt Dianne eiginkonu sinni dagana 23-26 ágúst. Farið var meðal annars á Barnaspítala Hringins, Blindraheimilið, opið hús í Lions-



heimilinu, trjáplöntun hjá félögum í Lkl. Ásbirni í Hafnarfirði, síðan heimsóttu þau hjón félagi í Sandgerði, Garð og Reykjanesbæ, en þar gróðursetti alþjóðaforseti tré í Paradís, gróðurreit Lkl. Njarðvíkur.

Í vetur munum við halda áfram okkar góða starfi og hvet ég félagi að hafa samband ef það er eitthvað sem við getum aðstoðað við eða getum gert betur.

Hvetjum við félagi og/eða klúbba að sækja þau námskeið sem eru í boði.

Ég minni á íslenska hjálparfóðinn þar sem við getum lagt lið sem fjölumdæmi ef þess er óskað.

Við höfum fest kaup á húsnæði fyrir hreyf-

inguna að Hlíðasmára 14 í Kópavogi og afhending verður væntanlega í september.

Kæru Lionsfélagar, ég óska ykkur öllum innilega til hamingju með nýtt og spennandi starfsár. Verum sýnileg í verki með merki LIONS.



# Umdæmisstjóri 109A

Gunnar E. Vilbergsson

umdæmisstjóri 109A



Á gætu Lionsfélagar. Nú erum við öll farin að undirbúa nýtt starfsár. Skipuleggja fundi og undirbúa skemmtilegt starf sem fer í hönd. Mínar áherslur snúa að því að starfið verði skemmtilegt og árangursríkt og ég legg mikla áherslu á að minnka brottfall félaga úr hreyfingunni. Það er til lítills að vera endalaust að leita að nýjum félögum ef þeir detta jafnharðan út. Ég leita til ykkar og óska eftir aðstoð ykkar til þess. Tökum höndum saman og minnkum brottfallið. Þegar nýir félagar koma inn í hreyfinguna þá þurfa þeir að fá að taka þátt í starfinu og ég tel að þannig sé hægt að minnka brottfall. Ef þeir fylgjast bara með því sem aðrir eru að gera þá kemur eðlilega upp leiði og áhugaleysi. Hvernig gerum við starfið skemmtilegra jú við fáum námskeið inn í

klúbbana og höfum gaman saman og gerum starfsárið skemmtilegt.

Í ár er lögð mikil áhersla að fá fleiri konur í Lions og að stofna blandaða klúbba sem sagt konur og karlar saman í klúbbum. Þeir klúbbar sem eiga í vök að verjast ættu að hugleiða hvort ekki væri rétt að fá konur inn í klúbbana. Ég held að starfið gæti verið skemmtilegra þannig. Nokkrir klúbbar hjá okkur eru blandaðir og sá sem verður vonandi stofnaður formlega á haustdögum er blandaður og er flottur.

Haldið verður upp á 100 ára afmæli Lionshreyfingarinnar á næsta ári og nú er það verkefni undir stjórn Pálma Hannessonar, þessa reynslumikla lionsmanns, í undirbúningi. Lionsfélagar verða upplýstir um með hvaða hætti með grein annarsstaðar í blaðinu.

Við sem tókum við stjórnartaumunum 1. júlí s.l., Árni Brynjólfur Hjaltason fjölm.d.stjóri, Björg Bára umd.stj. í B og ég höfum gert víðreist. Við förum á Alþjóðþingið í Fukuoka í Japan sem var haldið í lok júní. Löng ferð og skemmtileg með skemmtilegum ferðafélögum. Þar var Guðrún Björt í kjöri til 2. varaalþjóðaforseta. Það er skemmst frá því að segja að allir mótframbjóðendur hennar drógu sig til baka svo hún stóð uppi sem glæsilegur fulltrúi Lionsmanna á Íslandi. Hún ætti því ef allt gengur eftir að taka við sem Alþjóðaforseti 1. júlí 2018. Lionsmenn á Íslandi eru stoltir af Guðrúnu Björt og óska henni velfarnaðar í vandasömu starfi.

Alþjóðaforseti Lionhreyfingarinnar var kjörinn Bob Corlew frá Tenesse í USA. Hann og konan hans komu til Íslands 23. ágúst s.l. Það var skemmtileg reynsla fyrir mig að heimsækja stofnanir og klúbba og eiga með

þeim góðar stundir ásamt öðrum lionsfélögum. Corlew hjónin eru skemmtilegt fólk og gaman að vera með þeim.

Við sem erum umdæmisstjórar munum leggja áherslu á kynningarmálin og námskeiðahald. Nýliðanámskeið er á döfenni og upprifjunarnámskeið fyrir svæðisstjóra var haldið 2. sept. og svo eru mörg önnur námskeið í boði og ég hvet klúbbstjórnir til skoða hvað gæti hentað þeirra klúbbum. Það að vera t.d. með ræðunámskeið er gott fyrir klúbbana. Það eflir félagana og eykur sjálfstraust.

Við seldum Lionsheimilið Sóltúni 20 í júlí og keyptum húsnæði á Hlíðasmára 14, Kópavogi einnig í júlí. Við erum á því að það húsnæði eigi eftir að henta okkur mjög vel. Það er aðeins minna en Sóltúnið en að okkar mati fullnægjandi. Það er ekki ólíklegt að við flytjum þangað á haustmánuðum.

Mitt aðstoðarfólk er Ellert Eggertsson 1. varaumdæmisstjóri frá Lkl. Hafnarfjarðar og Geirþrúður Bogadóttir 2. varaumdæmisstjóri frá Lkl. Æsu í Njarðvík. Ég vænti mikils af þeim og ég veit að okkar samstarf mun verða gott. Ellert mun heimsækja klúbba á svæði 4 og 9 en Geirþrúður svæði 3 og 8. Aðra klúbba heimsæki ég. Það er mjög skemmtilegt að fara í klúbbaheimsóknir og hitta og heyra hljóðið í lionsmönnum vítt og breytt um landið. Okkur hlakkar til að hitta ykkur kærur félagar. Góðir félagar. Sýnum góða samstöðu í vetur og vinnum gott starf. Það er ekki hægt að biðja um mikið meira.

Við vitum að **VILJI ER ALLT SEM ÞARF.**

## Fræðslukorn

Árið 1973 bjó LCIF til Melvin Jones viðurkenninguna. Þessi orða er æðsta viðurkenningin sem lionsfélagi getur fengið frá klúbbi sínum.

LCIF fær yfir 75 % af tekjum sínum með Melvin Jones viðurkenningum og eiga margir klúbbar góðar innistæður fyrir þeim.

Viðurkenningin er fyrir klúbba til að heiðra sína félaga og/eða góða styrktarféлага utan klúbbsins. Viðurkenningin kostar 1.000 dollara sem er greidd til LCIF. Klúbbar geta eyrnamerkt þá upphæð til styrktar einhvers verkefnis s.s. mislingaverkefnið. Ekki þarf að greiða alla upphæðina í einu, klúbbar geta safnað sér í sjóð með minni upphæðum í hvert skipti. Einnig er hægt að greiða fasta upphæð á mánuði og safna þannig þessum 1.000 dollurum sem til þarf til að geta keypt Melvin Jones viðurkenninguna.

Þýðandi: Sigfríð Andradóttir  
Lkl. Búðardals





# Myndir frá heimsókn Bob Corlew alþjóðforseta Lions til Íslands



# Umdæmisstjóri 109B

## Með vináttu leggjum við lið

Björg Bára Halldórsdóttir

umdæmisstjóri 109B



Heil og sæl vinir í Lions.

Upphaf nýs starfsárs er alltaf tilhlökkunarefni, spennandi og skemmtilegt. Við umdæmisstjórnir nutum þeirra forréttinda að byrja starfsárið í Fukuoka í Japan þar sem Guðrún BjörtYngvadóttir var kosin annar vara alþjóðaforseti eins og allir vita. Það sem við erum stolt af okkar stórkostlegu konu sem heillaði alla með fágæðri framkomu og persónutöfrum. Ekki skemmdi fyrir að við skyldum vinna Englendinga í fótbolta sama dag, góður dagur það.

Eitt af áhersluatriðum næsta starfsárs var að finna hreyfingunni nýtt og betra húsnæði. Að þessu hefur reyndar verið unnið tvö síðustu ár en ekkert hentugt fundist fyrr en nú. Það var í lok júlí þegar samningar náðust um kaup á mjög skemmtilegu húsnæði á fyrstu hæð í Hlíðasmára 14 og á sama tíma var hægt að selja Sóltúnið. Líklegt er að við fáum húsnæðið afhent í lok september. Nánar að því annars staðar í blaðinu.

Í júlí voru starfræktar unglingsbúðir í Eyjafirði sem voru samstarfsverkefni klubbanna á svæði 6 í 109B. Alsæl ungmenni héldu til síns heima eftir skemmtilega dvöl á Íslandi og er þetta verkefni klubbunum og verkefnisstjórninni til sóma. Hafið bestu þakki fyrir.

Alþjóðaforseti Lion Bob Corlew og Dianne eiginkona hans voru í heimsókn á Íslandi 23.-25. ágúst og var farið með þau víða, meðal annars í heimsókn til Lkl. Ásbjarnar, Sandgerðis, Garðs og Njarðvíkur, takk fyrir

góðar móttökur. Takk líka Foldarkonur fyrir glæsilegar veitingar í opnu húsi í Lionsheimilinu.

En þá að starfsárinu framundan. Einkunnarorð mín sem umdæmisstjóra eru „*Með vináttu leggjum við lið*“. Mín sýn er sú að ef við náum að halda anda vináttu í klubbunum okkar þá farnist okkur vel, ánægja félaganna og vinátta á alltaf að vera markmið númer eitt, þá mun allt annað ganga vel.

### Markmið og áherslur komandi starfsárs:

**Félagamál.** Styrkja þarf innra starf klubbanna. Hver klúbbur þarf að fara í naflaskoðun og hreinskilna umræðu um starfið öðru hvoru, erum við sátt við starfið í klúbbum okkar? Skoða þarf móttöku nýrra félaga og vanda sig vel í því ferli og halda vel utan um nýja félaga og tryggja að þeir falli inn í hópinn. Nýjir og ferskir vindar fylgja nýjum félögum, hlustum á þá. Ánægja félaganna númer eitt.

**Fræðslumál.** Gott samstarf GMT og GLT og úrræði þeirra teyma eru bakland klubbanna og hreyfingarinnar í innri uppbyggingu. Við erum stolt af okkar góða Leiðtogaskóla og hvetjum alla okkar félaga til að fara í hann. Skoðað verður á starfsárinu hvort mögulegt er að hafa hann að hluta eða alveg á landsbyggðinni. Kynning á öðrum námskeiðum sem í boði eru þarf að vera aðgengileg og góð. Við höldum áfram með Lestrarverkefnið sem er til 10 ára.

**Kynningarmál.** Heimasíðan er andlit okkar út á við og tenging við félagana. Áfram verður unnið að því að bæta hana. Leggjum áherslu á að hver félagi kynni hreyfinguna og starf síns klúbbs í sínu nærumhverfi, erum við að gera það nógu vel? Áætlað er að hafa kynningardag á nokkrum stöðum, Kringlu/Glerártorgi/Smáralind og jafnvel víðar, þetta var gert í fyrra og tókst ljómandi vel. Við þurfum líka að vera dugleg við að senda inn efni í Lionsblaðið okkar. Síðast en ekki síst verðum við að nýta vel athygli sem hreyfingin fær vegna kjörs Guðrúnar til alþjóðaforseta. Þar er tækifæri sem við skulum fara vel með.

**Afmælisárið.** Markmið alþjóðastjórnar í tilefni 100 ára afmælis hreyfingarinnar er að þjóna 100 milljón manns fyrir afmælisárið með verkefnum tengdum umhverfinu, hungri, sjón og ungmennum. Ljóst er að þessu markmiði verður náð á næstu mánuðum en það er ekki

þar með sagt að þá verði hætt, við leggjum áfram lið.

Hátíðahöld verða á árinu vegna afmælisins. Afmælis „veislunni“ var fleytt af stað með undirritun á lánsamningi á Kia Rio bifreið. Bifreiðauboðið Askja hefur lánað okkur sérmerka bifreið sem mun gegna því hlutverki að fara milli staða/klúbba á afmælisárinu. Bob Corlew fyrir hönd Lions og Sveinn Kristjánsson fyrir hönd Öskju undirrituðu samninginn um borð í Hólmsteini GK 20 sem er uppgerður bátur, staðsettur við Byggðasafnið í Garði, verkefni Lionsklúbbsins Garðs. Einnig var tendraður afmælisyndill við Sandgerði, hús Lionsklúbbs Sandgerðis. Sérstök afmælisnefnd er starfandi og mun hún kynna „afmælisveisluna“ betur.

**Fjármál.** Við höldum áfram að rýna í hvert horn í átt að hagræðingu. Búið er að gera breytingu á bókun og uppsetningu bókhalds hreyfingarinnar sem gefur betri yfirsýn yfir reksturinn. Hvert teymi er nú með sína fjárveitingu. Reksturinn hefur verið í mínus sem er ekki ásættanlegt og það þarf að laga. Stefnt er að því að Medic Alert greiði raunkostnað fyrir vinnu og aðstöðu á Lionsskrifstofunni.

**Fundur og þing:** Umdæmisþingið 2017 verður aldarafmælisþing, fjölmennum og fögnum saman þessum tímamótum. NSR þing verður haldið í Reykjavík að þessu sinni. Þingið verður um miðjan janúar, er öllum opið og eru Lionsfélagar hvattir til að taka þátt. Umdæmisfundir, eru þeir nógu skilvirkir? Skoðum það á starfsárinu.

Kæru vinir, mörg áhugaverð verkefni bíða okkar í vetur og hlakka ég til að vinna þau með ykkur. Þetta verður skemmtilegt afmælisár, treystum vinaböndin í klubbunum og leggjum lið eins og okkur er einum lagið.



## Nýr alþjóðaforseti Lions 2016-2017

Bandaríkjamaðurinn Robert Corlew var valinn til að gegna embætti Alþjóðaforseta Lions á alþjóðáþinginu í Japan í júní sl. og mun hann leiða hreyfinguna á tímamóta ári hennar 2016-2017.

Robert Corlew sem er sextíu og þriggja ára gamall og kemur frá Tennessee er ekki óvanur sviðsljósinu. Hann hefur starfað sem dómari í þrjátíu ár og hefur sem slíkur dæmt í í fjölda áberandi og umdeildra mála, auk þess að hafa starfað sem lögfræðingur, kennt lög og sem ungur maður setið í borgarráði Murfreesboro um tveggja ára skeið.

Hann sýndi snemma áhuga á borgaralegum málefnum. Þegar hann bjó í höfuðborginni Washington á menntaskólaárum sínum, varð hann sér úti um starf sem þingsendill. "Um tíma átti ég mér draum um að sitja í ríkisstjórn" segir Corlew. "Það átti ekki að verða en árið mitt í Washington hafði mikil áhrif á mig."

Corlew kynntist Lionshreyfingunni 1978 þegar hann var nýútskrifaður lögfræðingur. Kvöld eitt eftir að hafa verið að vinna frameftir bauð kunningi hans honum í mat án þess að tilkynna hvert. Þetta reyndist vera Lionsfundur þar sem tekið var á móti honum með vinsemd og hlýju. "Það kenndi mér að þegar við fáum gesti á klúbbfundum skiptir viðmótið öllu", segir hann.

Corlew kynntist Lionshreyfingunni 1978 þegar hann var nýútskrifaður lögfræðingur. Kvöld eitt eftir að hafa verið að vinna frameftir bauð kunningi hans honum í mat án þess að tilkynna hvert. Þetta reyndist vera Lionsfundur þar sem tekið var á móti honum með vinsemd og hlýju. "Það kenndi mér að þegar við fáum gesti á klúbbfundum skiptir viðmótið öllu", segir hann.

Innan Lionshreyfingarinnar reis Corlew fljótt til áhrifa. Skömmu eftir að hann gekk til liðs við Lionsklúbb Murfreesboro sem var blómstrandi og fjölmennur klúbbur var hann gerður að ritara. Hann hellti sér út í klúbbstarfið, bakaði pönnukökur, seldi ljósaperur, kústa og moppur til þess að safna fé fyrir opnun sjónmiðstöðvarinnar, Tennessee Lion Eye Center for Children sem fljótlega varð í fremsta flokki slíkra stöðva. Og Corlew tók viðar til hendi. Þegar hann sem umdæmisstjóri sótti eitt sinn stofnskrárhátið í umdæminu skall á mikið óveður, þar sem ár flæddu yfir bakka sína og ógnaðu öryggi fólks. Lionsfélagarnir brugðust skjótt við, lögðu frá sér hnífa og gaffla og stukku um borð í vélbáta til þess að koma fólki til bjargar sem var fast inni á heimilum sínum.

Lionsstarfið átti vel við Corlew, sérstaklega það sem sneri að því að hjálpa ungu fólki. Klúbburinn stóð m.a. fyrir augnskönnunum sem leiddu í ljós augnvandamál sem í nokkrum tilfellum hefðu getað ógnað lífi viðkomandi ef skönnunin hefði ekki komið til.

Sem alþjóðaforseti Lions á Corlew eftir að ferðast um allan heim, heimsækja klúbba, hitta leiðtoga af ýmsum toga, forseta og konunga. Hann mun stýra alþjóðastjórnarfundum og móta stefnu Lions næsta ár þar sem víðtæk reynsla hans og þekking mun eflaust nýtast vel.

Corlew telur að starf hans sem dómari hafi hjálpað honum í Lionsstarfinu. "Dómarastarfið hefur styrkt mig í að hlusta á ólík sjónarmið", það gerir mig að betri Lionsmanni, segir hann.

Corlew hitti Dianne, sem átti eftir að verða konan hans, þegar



Lionsfélaginn Corlew skannar augu nemanda í skóla í Tennessee.

sameiginlegur vinur þeirra kynnti þau. "Mér var fljótlega ljóst að við bættum hvort annað upp," segir Dianne, "við erum ólík á mörgum sviðum en eigum líka fjölda sameiginlegra áhugamála." Þau hjónin eru mikið fjölskyldufólk, eiga fimm uppkomin börn og fimm barnabörn og hittist fjölskyldan oft. "Við höfum reynt að kenna börnunum að fólk er mismunandi, sumir eru heppnir, ríkir eða gáfaðir, aðrir ekki. En alla ber að virða fyrir þá hæfileika og kosti sem þeir hafa til að bera."

En það sem skiptir alþjóðaforsetann mestu máli í dag er framgangur Lionshreyfingarinnar.

"Ég vona að þegar þessu starfsári lýkur getum við sagt að við höfum vaxið sem samtök, vaxið í félagafjölda og í þjónustu við umheiminn," segir hann. "Að fá tækifæri til að sitja í embætti eitt hundradasta forseta Lions er sem ótrúlegur draumur. Í mínum huga þýðir það tækifæri til að veita þjónustu sem getur breytt heiminum."

Mynd: Matt Michels  
Þýðing: Edda Briem



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.



# Chicago – hér kem ég

100 ára afmælisþing, 30. júní – 4. júlí 2017



Þó að alþjóðþing Lionshreyfingarinnar í Las Vegas 2018 verði í framtíðinni líklega talið eitt merkasta þing í sögu hreyfingarinnar vegna kjörs Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur, fyrstu konunnar í embætti alþjóðaforseta, þá verður 100 ára afmælisþingið í Chicago 2017 einnig merkilegt.

Þinghaldið sjálft og allt í kringum það verður með miklum hátíðarbrag. Skrúðgangan með 20.000 þátttakendum, kynningarboð hinna ýmsu landa og margt fleira er mikil upplifun.

Í tilefni af 100 ára afmæli hreyfingarinnar verður einnig óvenju mikið í boði af skemmtiatriðum. Má til dæmis nefna að heyrst hefur að hljómsveitirnar Chicago og The Beach Boys sem báðar hafa selt meira en 100 milljón plötur komi fram.

Skráning á þingið fer fram á vefsíðu LCI. Skráningargjaldið er 130\$ til 13. janúar 2017 en hækkar eftir það í 180\$. Undirritaður getur aðstoðað við þessa skráningu ef á þarf að halda.

Íslenskir Lionsfélagar eiga frátekin 100 herbergi á Hilton Chicago hótelinu þar sem tveggja manna herbergið kostar 196\$ hver nótt. Hótelíð er í þægilegri 3,5 km fjarlægð frá þingstaðnum.



**Þessi herbergi verða frátekin til 10. nóvember** en eftir það gildir fyrstur kemur, fyrstur fær. Það er því gott að huga að þessu sem allra fyrst.

Með beinu flugi Icelandair frá Keflavík til O'Hare flugvallar í Chicago (6 ½ klst) er þetta kjörið tækifæri til að sækja alþjóðþing sem örugglega verður eftirminnilegt. Fargjaldið er (30.06.2016) 75.170 kr.

Þeir sem hafa áhug á að nýta sér þetta tækifæri eru hvattir til að hafa samband við undirritaðan, Lkl. Mosfellsbæjar sem allra fyrst, annað hvort með tölvupósti kristinnhannesson@simnet.is eða í síma 8966883.

*Kristinn Hannesson, Þing og Protocolstjóri.*

## Minning + Héðinn Skarphéðinsson



Fæddur 21. 4. 1938  
Dáinn 30. 5. 2016

*Héðinn Skarphéðinsson félagi okkar í Lionsklúbbi Keflavíkur er látinn.*

*Héðinn gekk í Lionsklúbb Keflavíkur árið 1978.*

*Hann gegndi ýmsum embættum fyrir klúbbinn okkar. Hann var m.a. stallari klúbbsins í allmörg ár. Þá var hann gjaldkeri veturinn 1984 – 1985. Loks var hann formaður klúbbsins veturinn 1996 – 1997.*

*Héðinn var einstaklega góður félagi og vinur. Hann var oft skemmtilegur og lagði alla tíð gott til málanna. Við söknum vinar í stað.*

*Ég minnst þess þegar við félagar í klúbbum gengum í hús og seldum ljósaperur en féð var nýtt til góðgerðarmála. Þar var*

*Héðinn drjúgur sölumaður og lét sig aldrei vanta. Síðar breyttust áherslur okkar en alltaf tók Héðinn fullan þátt í öllu starfi klúbbsins.*

*Héðinn fæddist á Dalvík en ólst upp á Siglufirði. Hann gekk í Gagnfræðaskólann á Siglufirði og útskrifaðist þaðan árið 1951. Þá hóf hann nokkru síðar nám í trésmíði og útskrifaðist frá Iðnskóla Keflavíkur árið 1957.*

*Árið 1960 stofnaði hann ásamt Hreini Óskarssyni trésmíðaverkstæði í Ytri – Njarðvík. Síðar keypti hann Hrein út úr félaginu og rak það síðan alla tíð einn undir nafninu Trésmíðaverkstæði Héðins. Hann var þekktur fyrir að smíða fallegar innréttingar í hús en hann sérhæfði sig í því. Hann þótti afar góður smíður.*

*Héðinn dvaldi í Bandaríkjunum árin 1974 og 1975 og var þar verkstjóri á trésmíðaverkstæði.*

*Eiginkona Héðins var Bergþóra Guðlaug Bergsteinsdóttir. Þau hjón eignuðust þrjú börn en þau eru Kristjana Birna, Adalheiður og Skarphéðinn Sveinn.*

*Síðasti fundur Lionsklúbbs Keflavíkur á þessu starfsári var haldinn þann 4. maí. Þá var farin árleg vörferð klúbbsins um Suðurland. Héðinn og eiginkona hans voru með í för. Þá sá ég á Héðni að nokkuð var af honum dregið. Nokkru eftir það lagðist hann á Sjúkrahúsið í Keflavík (HSS) og lést þar 30. maí.*

*En svona er lífsins gangur. Við eigum öll eftir okkar för um dalinn dimma. Ef til vill er vitundin um það eitt af því sem gerir okkur mannleg. Við erum í fylgd hins eilífa samtímamanns allra manna á öllum tímum.*

*Ég votta fjölskyldu Héðins einlæga samúð mína, börnum hans og fjölskyldum þeirra og alveg sérstaklega Bergþóru eiginkonu hans.*

*F.h. Lionsklúbbs Keflavíkur  
Gylfi Guðmundsson*

# Kærar þakkir fyrir hvatningu og stuðning



Guðrún Björt Yngvadóttir

2. vara alþjóðaforseti Lions



### Viðburðarríkt sumar

Sumarmánuðirnir eru mikilvægir á Íslandi til að hlaða batterín - langir sumar dagar, með útivist og upplifun. Sumarið var aðeins öðruvísi hjá mér þetta árið. Í júní var undirbúningur kosninganna, alþjóðþingið með öllu sem því tilheyrir. Síðan kosningar sjálfar, ásamt fyrsta alþjóðastjórnarfundinum. Í júlí voru þriggja vikna ferðalag um Indland, umdæmishátíðir, Lionsviðburðir, verkefni skoðuð og vígð. Í ágúst voru stjórnarstörf í Oak Brook, fundir með nefndum og ráðum og með starfsfólki alþjóðaskrifstofu. Þetta sumar sýnir einhverja þversneið af því sem koma skal hjá mér, með fjölbreytni, ferðalögum og framkvæmdum. Sem sagt batterín voru ekki hlaðin þetta sumarið.



Norrænar konur með borðann í skríðgöngunni

### Sigurgleði

Ísland var svo sannarlega í fókusi í Fukuoka á alþjóðþingi Lions. Það var um það rætt, hvað Íslendingarnir komu fallega fram, glaðir, jákvæðir og frjálsgir. Á sama tíma og strákarnir okkar voru að gera það gott á EM, má segja að Ísland hafi sigrað í forseta-

kosningunum Lions. Það var ótrúlega skemmtilegt hvað Ísland vakti mikla og jákvæða athygli á þinginu, bæði vegna fótboltans og vegna fyrstu konunnar í framboði; „Þetta litla land sem varla sést á landakortinu“ – eins og sumir sögðu. Dóttursonur minn sem þurfti að fórna pollamóti í Vestmannaeyjum til að fara með ömmu sinni til Japans, var alveg sáttur á endanum og var stoltur af ömmu og Lions.



Deilt út verkefnum á kosningarskrifstofunni

### Kosningar

Það er ekki einfalt að undirbúa og stjórna kosningarbaráttu á Lionsþingi. Langur undirbúningur og margt sem þarf að framkvæma á staðnum. Frábært lið stóð að undirbúning hér heima og fóru með mér út á þingið. Kristinn Hannesson var kosningarsjórninn í Japan og með honum var Dagný kona hans. Kristín Þorfinnsdóttir var einn af aðalhvátamönnum framboðsins og lá hún ekki á liði sínu. Einar Helgason var hinn opinber ljósmyndari hópsins, mætti alls staðar og skráði söguna. Fjölmæmisstjórahjónin Árni Brynjólfur og Hafdís lögðu heldur betur lið, og verðandi umdæmisstjórar og þeirra makar, þau Björg Bára og Sigurjón, ásamt Gunnari og Margréti. Auk þess voru Norðurlandabúar sem komu á eigin kostnað, sérstaklega til að vinna að framboðinu og lögðu nótt við dag. Að lokum stóð fjölskyldan með mér eins og klettur.



Wing Kun Tam kynnti mig

### Ræðan

Ég flutti mína framboðsræðu á 2. þingfundi, en áður flutti Wing-Kun Tam flotta kynningu um mig (miklu meira lof en ég átti skilið). Tam er fyrrverandi alþjóðaforseti frá Hong Kong og var mér bent á að hann væri sterkur stuðningsmaður minn, ef kæmi til kosninga, hann er mjög virtur og dáður, ekki síst í þessum heimshluta. Rétt áður en ég steig á svið kom þáverandi forseti Yamada til mín með origami pappírströnu og gaf mér mér áletraða með góðum óskum, falleg og táknað gjörð sem mér þótti mjög vænt um. Þegar ég hafði flutt mína ræðu, marseruðu mínir stuðningsmenn um salinn í kosningarvestunum og með kosningarspjöldin, undir taktafastri tónlist „When the Saints go Marching in“.



Kosningarstjórnin mín: Kiddi, Einar, Kristín og Dagný

### Hjartans þakkir

Ég þakka af öllu mínu hjarta fyrir hvatninguna, stuðninginn og fyrir alla hjálp hvaða nafni sem hún nefnist. Það er ómetanlegt að eiga ykkur að og ég lofa að vera ykkur öllum til sóma. Það er mikilvægt að eiga slíkan bakhjarl, sem Lionsfélagar á Íslandi eru. Allur þessi stuðningur í orði og verki er alveg einstakur, ég hefði ekki geta þetta án ykkar.



Fjölskyldan mín

## „Smitaðist af mislingum í flugvél Icelandair“



Íslendingur á sextugsaldri greindist með mislinga fyrir í mánuðinum en hann smitaðist af bresku barni í flugvél Icelandair þar sem þau voru bæði farþegar.

Barnið greindist með mislinga í Bretlandi en mislingar greindust síðast hér á landi árið 2014. Maðurinn var ekki bólusettur og hafði ekki fengið mislinga áður en Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir mjög óvenjulegt að smitast af mislingum um borð í flugvél en það sýni hversu bráðsmitandi sjúkdómurinn er.“

### Þessi ofangreinda frétt birtist á MBL þann 30. ágúst árið 2016

Já því miður er þetta nær okkur en við höldum.

LCIF stóri hjálparsjóðurinn okkar með okkar Lionsfélaga hjálp berst gegn þessum vágesti sem er mjög algengur víða um heiminn.

Með því að styrkja mislingaverkefnið erum við líka að verja okkur eins og sjá má á ofangreindri frétt.

### Mislingar leiða 400 manns til dauða á dag

Vágsturinn mislingar sem er bráðsmitandi leiðir til dauða 400 manna á dag, og herjar helst á börnum.

Ein mislingasprauta kostar 1 USA dollar gengið er hagstætt í dag ISK 117).

LCIF hjálparsjóðurinn okkar og við Lionsfélagar höfum lofað að safna og styðja við þetta verkefni fyrir árið 2017 30. þúsund USA dollar (rúmlega 3.500.000 ISK), og þegar við náum því markmiði tvöfaldar

Gavi's sjóðurinn okkur með 30 þúsundum USA dollar til viðbótar, svo samtals gætum við náð 60 þúsund USA dollurum rúmlega 7.000.000

ISK í þetta verkefni, sem væri mjög árangursríkt þar sem ein bólusetning kostar aðeins 1 USA dollar eins og áður sagði.

Ég hvet alla Lionsklúbba að leggja þessu málefni lið fyrir 1000 íslenskar krónur er hægt að gefa 8 manneskjum mislingasprautu og bjarga þannig mannlífum. (fyrir 7 millj. ISK er hægt að bjarga um 60 þúsund mannlífum)

### Konur í Lions styrktu mislingaverkefnið

Konur í Lions héldu Góugleði Lionskvenna þann 8. mars s.l. á baráttudegi kvenna.

Ágóði varð af skemmtuninni upp á kr. 300.000 og gáfum við það til LCIF í mislingaverkefnið, við erum stoltar Lionskonur að hafa geta stutt þetta verkefni með þátttöku okkar í þessu ánægjulega kvöldi.

Lionskonur, við stefnum að þessu aftur á nýju ári á sama deginum 8. mars !!!

Sýnum nú styrk okkar, með einu símtali við Lionsskrifstofuna fáum við allar upplýsingar um reikningsnúmer til að leggja þessu málefni lið, eða hreinlega einni millifærslu inn á reikning 0516-26-007722 kt. 640572-0869 og setja í texta mislingar.

Okkar konur á skrifstofunni koma þessu áfram.

Líka er hægt að fara inn á heimasíðu LCIF, og styrkja þar beint með kortagreiðslu.

Munum líka að með því að styrkja LCIF söfnum við inneign til að heiðra félag okkar með Melvin Jones viðurkenningu.

Fyrirfram þakkir fyrir aðstoðina í þessu mikilvæga verkefni.

*Kristín Þorfinnsdóttir  
Lionsklúbbum Emblu  
LCIF fulltrúi í umdæmi 109 A*



# Ungmennabúðir Lions MD109 sumarið 2016

„Síðustu þrjár vikur á Íslandi hafa verið mest hvetjandi og „Sævintýraríkustu dagar í lífi mínu. Ég sá svo margt fallegt og kynntist undursamlegu fólki. Án stuðningsins frá Lions hefði ég aldrei getað átt þessa stórkostlegu upplifun,“ skrifaði Annabel frá Belgíu á Facebook þegar hún var komin heim eftir að hafa varið tveimur vikum í ungmennabúðum Lions að Hrafnagili og einni viku með fósturfjölskyldu á Suðurlandi.

Ungmennabúðir Lions á svæði sex; „the arctic route“, fóru fram 14. – 28. júlí en þátttakendur voru þrettán ungmenni á aldrinum 17-20 ára af báðum kynjum, frá ellefu þjóðlöndum. Tvö voru frá Spáni, tveir frá Ítalíu og svo frá Ungverjalandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi, Belgíu, Finnlandi og Póllandi.

Þegar ungmennin komu í búðirnar höfðu þau öll verið í eina viku í heimagistingu á Suðurlandi. Þau voru boðin velkomin með fallettri kvöldsiglingu með Húna II. Daginn eftir var farið um innsveitir Eyjafjarðar þar sem farið var í heimsókn að bænum Hvammi og dýrin á bænum skoðuð auk þess sem boðið var upp á dýrindis gúllassúpu. Á þriðja degi var farið í gönguferð frá Hömrum og upp fyrir Kjarnaskóg og svo skotist á Derby leik KA og Þórs í knattspyrnu áður en deginum lauk með grillveislu í Kjarnaskógi.

Næsta dag var farið í dagsferð í Mývatnssveit þar

sem skoðaðir voru margir áhugaverðir staðir og smakkað á hverabrauði. Ungmennin skelltu sér í Jarðböðin auk þess sem þau heimsóttu hina gömlu og rómuðu Grjótagjá.

Eftir mikla dagskrá og skemmtileg ferðalög fengu þau frjálсан dag á fimmta degi. Hann nýttu þau til að skoða miðbæ Akureyrar auk þess sem ítálarnir elduðu þjóðlegan pasta carbonara rétt handa öllum í búðunum. Þegar borðhaldi lauk var haldið kynningarkvöld þar sem hver og einn sagði frá sínu heimalandi, menningu þess auk annarra atriða sem þeim þótti áhugavert að deila með hverju öðru og sköpuðust líflegar umræður.

Næstu fjórir dagar voru annasamir. Fyrst var farið til Húsavíkur en þar vörðu þau tveimur dögum þar sem m.a. var farið í hvalaskoðun, Safnasafnið skoðað og farið í Ásbyrgi. Ekki má gleyma ostakarínu á Húsavík sem þeim fannst sérstakt að baða sig í.

Þrátt fyrir að koma örþreytt til baka í Hrafnagil voru þau ræst eldsnemma daginn eftir og nú var haldið í tveggja daga ferð norður eftir Tröllaskaganum og komið við á Árskógssandi, Dalvík og Siglufirði.

Þar gafst þeim m.a. kostur á að heimsækja Bruggverksmiðjuna Kalda, Köfunarsetrið, Fuglasafnið að Húsabakka og Síldarminjasafnið. Þeirri ferð lauk svo með því að farið var á sjóstöng á Níelsi Jónssyni. Afla dagsins var svo skellt á grillið og snæddur sem kvöldmatur áður en haldið var til baka í búðir.

Nú var aftur komið að hvíldardegi hjá





þeim sem þau nýttu að mestu í afslöppun og sund á Hrafnagili, en önnur tóku þátt í druslugöngunni á Akureyri en að lokum var haldið bíókvöld í búðunum og lokadagarnir undirbúnir.

Daginn eftir var farið um Akureyri og áhugaverðir staðir þar skoðaðir. Þar má nefna að hópurinn skellti sér inn í Vaðlaheiðargöng, alveg inn í botn ganganna þar sem þau fengu kynningu á gangnagerðinni. Mikla athygli vakti hinn gríðarmikli hiti sem var inni í göngunum. Þá var Flugsafnið heimsótt, Lystigarðurinn skoðaður og í lok dags var farið í siglingu með Eldingu hvalaskoðun.

Nú lá leiðin suður á bóginn og haldið í Laugarfell upp úr botni Eyjafjarðar. Þegar komið var af malbikinu og inn á fjallvegi mátti greina bros og fliss í ungmennunum þar sem þau voru alveg steinhissa á því hvert þau voru komin. Það var víða stoppað, myndað, dáðst að fegurðinni og nesti borðað enda tók leiðin, sem venjulega tekur um klukkustund að keyra, yfir þrjá tíma. Þegar í Laugarfell var komið var farið í gönguferð til að

leita að kaldri og heitri uppsprettu. Mesta lukku vakti þó snjóskafl sem varð á leið þeirra og upphófst mikið snjókast. Á meðan beðið var eftir kvöldgrillinu skelltu þau sér í bað í heitu lauginni. Eftir gistingu í skála var haldið aftur að stað og nú yfir í Bárðardal þar sem Hrafnbjargarfossar og hinn ægifagri Aldeyjarfoss voru heimsóttir. „Ferðin hingað inn að Laugarfelli er hápunktur ferðarinnar,“ fullyrti Ulrik frá Danmörku en Svenja frá Belgíu treysti sér ekki til að dæma um hvað staði upp úr: „Náttúran er hrífandi, ég er hreinlega ekki búin að átta mig á því hvað stendur upp úr! Svo mikil fegurð,“ sagði hún.

Eftir ferðalagið inn á hálendið rann upp lokadagurinn sem var með rólegra móti en þó fór hópurinn í heimsókn til Vistorku þar sem kynntar voru fyrir þeim áætlanir Akureyrarbæjar um grænan bæ og hvernig endurvinnsla úrgangs og orkumálum er háttað í bænum. Að kvöldi þessa dags var svo haldin kveðjukvöldverður ungmennunum til handa og skipst á gjöfum til þeirra og til klubbanna frá þeim.

Að kvöldverði loknum fóru þau að tínast úr bænum og yfirgáfu þau síðustu okkur að morgni 29. júlí.

Eftirtektarvert er hversu góð samheldni var í hópnum og nægjusemi þeirra mikil og framkoma til fyr myndar.

Allt gekk að óskum, skipulagið var gott og fékk meira að segja bestu einkunn frá Þjóðverjanum Elíasi: „Fólkið í kringum búðirnar hefur verið einstaklega almennilegt og búðirnar sérstaklega vel skipulagðar“. Það er líklega besti gæðastimpill sem skipuleggjendur hefðu getað fengið. Að skipulagningu Ungmennabúðanna í ár komu alls 9. klúbbar eða Lkl. Hængur, Lkl Sunna, Lkl. Húsavíkur, Lkl. Dalvíkur, Lkl. Hrærekur, Lkl Vitaðsgjafi, Lkl Akureyrar, Lkl Ylfa og Lkl Ösp.



# Lionsfélagi mánaðarins

## Nafn, aldur og starf:

Margrét Jónsdóttir, 52 ára og starfa sem deildarritari hjá Landbúnaðarháskóla Íslands

## Nafn maka:

Loftur Ingi Sveinsson

## Heimili:

Fannafold í Reykjavík

## Ökutæki:

½ Honda CR-V

## Klúbburinn minn:

Lionsklúbburinn Fold í Reykjavík



## Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Fjáraflanir eru stór hluti af starfsemi klúbbsins og öll umsýsla í kringum þær. Við höldum félagsfundum einu sinni í mánuði og síðan er ýmislegt brallað okkur til skemmtunar og fróðleiks, t.d. höfum við heimsótt aðra klúbba og tekið á móti nokkrum í Slysavarnaskipinu Sæbjörgu. Fengið til okkar fyrirlesara, farið í sumarbústaði og árlegar vorferðir.

## Fjáröflun:

Stærsta fjáröflunarverkefni okkar er tvímælalaust Dömuðöldið sem við höldum í október og bjóðum hópi af hressum konum til okkar. Einnig höfum við verið með veitingasölu á hinum árlegu góðgerðartónleikum sem Lionsklúbburinn Fjörgyn heldur í nóvember og síðan eru það smærri verkefni, breytileg eftir árum.

## Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt):

Það sem ég mun ávallt muna eftir úr starfinu eru heimsóknir á staði sem við ætlum að styrkja. Mér er efst í huga þegar við heimsóttum Konukot, neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur ásamt vinnufundunum okkar og vorferðunum.

## Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?:

Tvímælalaust af því þegar við getum látið gott af okkur leiða og styrkt þá sem á þurfa að halda.

## Viltu breyta einhverju í klúbbnum og í lionshreyfingunni yfir höfuð:

Já alveg örugglega, en með því að hafa starfið ekki endilega eftir minni uppskrift þá kynnist ég svo ótrúlega mörgu nýju.

## Hvers vegna ert þú Lionsfélagi?

Til að hjálpa öðrum og njóta samveru með góðum félögum.

## Var eitthvað sem kom þér á óvart þegar þú gekkst í Lionshreyfinguna?

Það sem kom helst á óvart er hve mikil fræðsla er í boði fyrir félagsmenn ef áhugi er fyrir hendi.

## Hvar liggja tækifærin í Lionshreyfingunni?

Meiri samvinnu milli klúbba í fjáröflunum og gjöfum, margt smátt gerir eitt stórt.

## Hvað myndir þú gera ef þú værir einráður í klúbbnum?

Segja mig úr honum. Hann stæði ekki lengur fyrir samvinnu og liðsheild.

## Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Steiktur lambalundur bornar fram með rjómalagaðri sveppasösu og gratíneruðum kartöflum og síðan skemmur ekki fyrir að fá heimalagaðan ís í eftirrött.

## Hver eru áhugamálin hjá þér?

Áhugamálin eru nokkur og má þar nefna Lions, leikhúsferðir, lestur, gönguferðir og handavinnu.

## Hvað er það besta við Stradamenn? eru þeir göldróttir?

Þeir eru tvímælalaust göldróttir og hefur tengdamóðir mín margsannað það.

## Er munur á Bolvíkingum og Stradamönnum?

Eflaust er munur á þeim en því miður hefur mér ekki hlotnast sá heiður að kynnast Bolvíkingum.

## Eitthvað að lokum ?

Bestu vetrarkveðjur til allra Lionsfélaga.

## LKL. GARÐUR 30 ÁRA



Nýju félagarnir ásamt mökum, meðmælendum og Jenný formanni.




Jenný formaður og Guðrún Björt ásamt stofnfélögnum þeim Richard og Rafni.

Þann 18. apríl síðastliðinn varð Lionsklúbburinn Garður 30 ára, af því tilefni var haldinn hátíðarfundur þar sem boðið var upp á dýrindis grillmat frá veitingastaðunum Menu4U í Keflavík. Margt var um manninn í þessu afmælisboði, meðal annara voru Guðrún B. Yngvadóttir núverandi 2 vara alþjóðaforseti, Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður, Guðmundur Helgi Gunnarsson og Hrund Hjaltadóttir fyrrverandi fjölumðæmisstjórar. Margt var um að vera á þessum fundi, tveir nýir félagar teknir inn þannig að félagatalan er komin í 15 féлага, vonumst við til að geta fjölgað enn meira á næsta starfsári. Það eru tveir stofnfélagar enn í klúbbnum, var þeim veitt Progressive Melvin Jones viðurkenning, áður höfðu þeir fengið Melvin Jones viðurkenningu, Þetta voru þeir Rafn Guðbergsson og Richard D. Woodhead. Annars er það að fréttu frá klúbbnum að við vonumst til mikils af nýju félögum, ungir og upprennandi Lionsfélagar! Eins og undanfarin ár höfum við haldið fundi ýmist í Auðarstofu eða um borð í bátum Hólmsteini, en það er okkar verkefni að halda honum við. Í lok ágúst fengum við alþjóðaforseta Bob Corlew og frú ásamt fríðu föruneyti embættismanna í heimsókn, var þeim boðið um borð í Hólmstein þar sem einn nýr félagi var tekinn inn í klúbbinn þannig að nýtt starfsár lofar góðu með fjölgun.



Guðmundur Helgi fjöllli og Jenný formaður.

Lionskveðja  
Pálmi Hannesson, formaður



**Lionskonur við höldum aftur Góugleði kvenna þann 8. Mars 2017**  
**Haukahúsið er frátekið fyrir okkur, setjum þetta á dagskránná!!**

# Hvað gerir forsetinn?

## Sinnir fjölbreyttu ábyrgðarstarfi

Guðrún Björt Yngvadóttir

2. vara alþjóðaforseti Lions



### Heiður og traust

Það er svo sannarlega mikill heiður að vera valin til forystu í okkar stóru alþjóðlegu hreyfingu. Mér er sýnt ótrúlega mikið traust, að fá að leiða 1,4 milljón félaga í yfir 200 löndum. Það er mikil viðurkenning á Lionshreyfingunni á Íslandi, að fá að tilnefna frambjóðanda og að vera tekin hátíðlega. Alþjóðaforsetar Lions hafa hingað til komið frá stóru löndunum, sem hafa sýnt svo mikla yfirburði á öllum sviðum. Lions kom til Evrópu fyrir 65 árum og síðan þá hafa aðeins 7 forsetar verið frá Evrópu; þeir voru einn frá Bretlandi, Ítalíu og Þýskalandi; tveir frá Svíþjóð og Frakklandi. Í hundrað ára sögu Lions er ég fyrsta konan sem verð forseti.

### Ábyrgðarstarf

Forsetaembættið er ábyrgðarstarf og því fylgja miklar skyldur. Alþjóðasamband Lions er „margmilljón dollara fyrirtæki“ með flókna starfsemi á mörgum sviðum. Alþjóðahjálpar-sjóðurinn veitir um 50 milljón dollara styrki á ári hverju og það sem allir 46.000 Lions-klúbbarnir gera á heimavelli er mörgum sinnum sú upphæð. Félagsgjöldin okkar standa svo undir rekstri hreyfingarinnar, alþjóðaskrifstofu og þjónustu við klúbba og



Stjórn Alþjóðahjálpar-sjóðsins (hvar eru allar konurnar?)

umdæmi, m.a. fræðslu, kynningarmál, ráðgjöf og margskonar útgáfustarfsemi.

### Framkvæmdastjórn

Sem 2. varaforseti er ég strax komin með ábyrgð og skyldur, er í framkvæmdastjórninni ásamt sitjandi forseta, varaforsetum og fyrrverandi forseta, sem er formaður Alþjóðahjálpar-sjóðsins. Við leggjum fram tillögur, vinnum að þeim í nefndum og með starfsfólkinu og sérfræðingum. Sem framkvæmdastjórn og framkvæmdanefnd, tókum við ákvarðanir saman, byggðar á faglegum undirbúningi, á skoðanakönnunum og oft á rannsóknnum. Við „forsetarnir“ erum teymi sem vinnum saman, sitjandi forseti hverju sinni leiðir teymið, en hann er ekki „einvaldur“.

### Höfuðstöðvarnar

Aðalskrifstofur Lions eru í Oak Brook, útborg Chicago í Bandaríkjunum. Þar starfa um 300 manns, sem þjóna Lions um allan heim. Forsetarnir hafa þar skrifstofur og ágæta aðstöðu til að halda fundi og vinna með starfsfólkinu. Mesta vinnan fer samt fram í tölvunni og á ferðalögum. Reikna má með um 300 dögum að heiman, á ári, við skyldustörf forsetans víðs vegar um heiminn. Fastir sameiginlegir vinnufundir forsetanna í Oak Brook eru 1-2 vikur í janúar, maí og ágúst, og einnig fyrir hvern alþjóðastjórnarfund. Auk

þess eru forsetarnir í höfðastöðvunum hver fyrir sig á ýmsum tímum á árinu, þegar það fellur að ferðum hvers og eins.

### Forum og fundir


Forsetar sækja svokölluð Forum, sem eru þing heimshlutanna, þ.e. Evrópa, Bandaríkin/Kanada, Suður Ameríka, Eyjaálfa, Afríka, Suður-Asía og Austur-Asía. Auk þess Miðjarðarhafs-Lions (þ.e. Suður Evrópa, Norður Afríka og Miðausturlönd). Alþjóðastjórnin fundar 4 sinnum á ári, um það bil viku í senn. Það er því nokkuð ljóst að mikill tími fer í ferðalög og að hitta leiðtoga Lions út um allan heim. Forsetar reyna líka að heimsækja sem flest Lionslönd, til að hitta Lionsfélaga, skoða Lionsverkefni og taka þátt í Lionsviðburðum.

### Monsún á Indlandi

Eitt af fyrstu verkefnum mínum í júlí, var að heimsækja Lions á Indland. Við ferðuðumst í 3 vikur, heimsóttum 11 umdæmi í 5 borgum. Í hverri borg eru 12-15 milljón íbúar, með 3-5 Lionsumdæmi. Á Indlandi eru svipað margir Lionsfélagar og í allri Evrópu, og þar er hlutverk Lions ennþá stærra en nokkurs staðar, vegna mikillar fátæktar. Það er ótrúlegt að sjá hve rausnarlegir Lionsfélagar eru á Indlandi, þeir reisa og reka heilu sjúkrahúsinn og skólana. Lions stendur sérstaklega vel við bakið á



Bob Corlew forseti ávarpar varaforsetahjónin.



Skrifstofan í Oak Brook.



Grafalvarlegt mál.





Stúlnaskóli Lions í Madurai, Indlandi



Hátíðarstund í Lionsheimilinu Sóltúni



stúlkum og konum, en þær búa oft við mjög slæmar aðstæður. Við skoðuðum ótal mörg verkefni, vígðum og opnuðum og settum í gang. Mikilvægir þættir í hverri heimsókn eru ræðurnar, sem þurfa í senn að vera upplýsandi og hvetjandi. Nauðsynlegt er að hvetja Lionsfélaga, styrkja klúbbstarfið og efla umdæmin. Auk þess að bæta samstarf við yfirvöld og samstarfsaðila. Vinnudagarnir voru langir 12-14 tíma á dag, alla daga jafnt (engin helgarfrí). Maður var aðeins farinn að finna

fyrir álaginu, einkum þar sem hitinn og rakinn var í meira lagi, á monsúntímanum.

### Ísland er landið

Alls staðar vekur það jafn mikla athygli, að ég kem frá litlu landi sem „varla sést á landakortinu“. Það gefur tækifæri til landkynninga og umræðna um land og þjóð. Ég segi stolt frá því að á Íslandi séu fleiri Lionsfélagar á höfðatölu, en í nokkru öðru landi í heiminum. Við höfum getið okkur gott orð í Lions, okkar

verkefni eru vel metin og framlag okkar til forystu er annálað. Það er gaman að segja frá framgangi kvenna á Íslandi og jafnri stöðu kynjanna. Því fylgir ábyrgð að vera fyrsta konan sem forseti og ég finn vel að ég er undir smásjánni. Ég mun axla þessa ábyrgð eins vel og ég get, legg mig alla fram og gef engan afslátt á neinu sem ég geri.

**Málþing: Konur og Lions**  
**Hvað dregur konur að Lions?**

Lionshúsinu fimmtudaginn 10. nóvember kl: 20:00-22:00  
 Nánar auglýst síðar

WHERE THERE'S A NEED THERE'S A LION

**Fleiri konur í Lions** - fleiri félagar - fleiri leiðtogar

**Lions opnar margar dyr**

Konur blómstra í Lions

**Konur eiga góða samleið með Lions**

**MORE WOMEN IN LIONS**

10. nóvember 2016

# Lions aðstoða vegna flóttamanna frá Sýrlandi og Írak

## Eftir Eric Margules

Með \$600.000 styrk frá Lions Club International Foundation vinna Lionsfélagar í Tyrklandi og öðrum Evrópulöndum nú mikið hjálparstarf vegna þeirra milljóna flóttamanna sem streyma frá Sýrlandi og Írak. Lionsfélagar veita þeim skjól, mat og föt, aðstoða við að koma börnum í skóla, aðstoða vegna tungumálerfiðleika og aðlögun að þeim úrræðum sem í boði eru.

### Aðstoð við flóttamenn í Tyrklandi

Lionsfélagar í Tyrklandi sem tekur á móti megninu af Sýrlensku flóttamönnum, nálægt 2,7 milljónum, hafa fengið fjóra flóttamanna styrki.

**Lionsfélagar í umdæmi 118-R hafa fengið \$60,000.** Meira en 50 Lionsklúbbar umdæmisins hafa útbúið yfir 2.000 bakpoka með teppum, undirfatnaði, handklæðum, hreinlætisvörum, drykkjarvatni og öðrum nauðsynjum. Bakpokarnir eru svo afhentir tyrknesku Landhelgsgæslunni, sem sér um dreifa þeim til flóttamanna, sem koma sjóleiðina.

**Lionsfélagar í umdæmi 118-E hafa fengið \$26,000.** Þeir leggja áherslu á að koma á fót skóla fyrir börn flóttamanna og útvega mat og hreinlætisaðstöðu fyrir yfir 100 fjölskyldur í allt að tvo mánuði. Í samvinnu við Human Sources Foundation og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eru Lionsfélagar að lagfæra ónotað skólahúsnæði svo hægt sé að veita grunnmenntun og jafnvel tölvukennslu.

**Lionsfélagar í umdæmi 118-K hafa fengið \$61,300.** Í þessu umdæmi eru Lionsfélagar að stækka búðir fyrir 500 flóttamenn, koma upp kennslustofum, salernis og hreinlætisaðstöðu, útvega mat, fatnað og læknaaðstoð. Vegna gríðarlega fjölda flóttamanna er stefnt að frekari stækkun búðanna með eins góðri aðstöðu og mögulegt er.

**Lionsfélagar í umdæmi 118-U hafa fengið \$60,000.** Umdæmi 118-U í Tyrklandi liggur við landamæri Sýrlands og Írak. Þar leggja Lionsfélagar áherslu á aðstoð við börn og verðandi mæður meira en 2.000 fjölskyldna. Matur, fatnaður, bleyjur, teppi, hreinlætisvörur og læknaaðstoð eru fyrstu verkefni. Einnig er verið að koma upp forsmíðuðum einingarhúsum til að hýsa flóttamennina og vegna kulda verða þessi hús upphituð.

### Lionsfélagar í öðrum Evrópulöndum

Hjá flestum flóttamönnum eru Tyrkland aðeins fyrsti viðkomustaður á leiðinni til Evrópu. Lionsfélagar í Grikklandi, Hollandi og Slóveníu hafa einnig fengið LCIF styrki til að aðstoða flóttamenn.

**Umdæmi 117-A, í Grikklandi hefur fengið \$10,100.** Lionsfélagar í umdæminu hafa lagt áherslu á að útvega hreinlætisaðstöðu og rafala í flóttamannabúðir í Rhodes en þar hafa meira en 6.000 flóttamenn og innflytjendur komið í ágúst, umfram getu búðanna. Lionsfélagar munu einnig útvega tjöld og útihitara, dýnur, teppi og annan búnað sem mikil þörf er fyrir.



Lionsfélagar í umdæmi 118-E í Tyrklandi veita neyðarvistir til flóttamanna.

**Umdæmi 110-AN, í Hollandi hefur fengið \$15,000.** Lionsfélagar í Hollandi eru að útvega, mat, skófatnað, nærföt, snyrtivörur og annan nauðsynlegan búnað fyrir meira en 1.200 flóttamenn sem búa í fjórum neyðarabúðum í Amsterdam.

**Umdæmi 129, í Slóveníu hefur fengið \$10,000.** Í Slóveníu eru Lionsfélagar að vinna með Rauða Krossinum við að útvega að minnsta kosti 2.000 neyðarpakka sem innihalda næringarríkan mat, sérstaklega fyrir börn, hreinlætisvörur, teppi og yfirhafnir. Þessu er síðan dreift til neyðarmiðstöðva þar sem flóttamenn koma til landsins.

Með þessum aðgerðum og þjónustu eru Lionsfélagar að vinna saman til að takast á við eitt stærsta neyðarástand okkar tíma. Ef ykkar klúbbar, umdæmi eða fjöllumdæmi hefur áhuga á að aðstoða flóttamenn, vinsamlegast hafið þá samband við Alþjóðaskrifstofuna, eða LCIF fulltrúa umdæmisins, til að fá hugmyndir að verkefnum og samstarfsmöguleikum.

Til að styrkja flóttamanna verkefni eða til að finna út hvernig á að óska eftir styrk til verkefna, vinsamlegast hafið samband Alþjóðahjálpar-sjóðinn eða LCIF fulltrúa umdæmisins.

Alþjóðahjálpar-sjóðurinn mun halda áfram að styðja Lionsklúbba og þeirra hjálparstarf.


Þýðing: Kristinn Hannesson



# Framtíðarhúsnæði Lionshreyfingarinnar á Íslandi

Björg Bára Halldórsdóttir

umdæmisstjóri 109B



Líklega hefur ekki farið fram hjá Lionsfólki Lað síðustu tvö ár hefur stjórn Lions verið á höttunum eftir nýju og betra húsnæði fyrir hreyfinguna. Ekki gekk þó fyrir en nú í sumar að finna nýjan samastað.

Í lok júlí fengum við tilboð í húseign okkar Sóltún 20 sem við höfnuðum og gerðum gagntilboð upp á ásett verð (43,5 milljónir) með fyrirvara um kaup, gagntilboðinu var tekið.

Í millitíðinni höfðum við rekið augun í eign í Hlíðasmára 14 í Kópavogi, skrifstofuhúsnæði á fyrstu hæð sem okkur leist mjög vel á við skoðun. Gerðum við tilboð (48 milljónir) með

fyrirvara um sölu Sóltúns og samþykkti seljandi það tilboð okkar.

Nú er búið að skrifa undir sölu á Sóltúni 20 og kaup á Hlíðasmára 14. Upphaflega stóð til að við fengjum afhent í desember en við undirskrift kom í ljós að það yrði mun fyrir eða í september.

Fara þarf í minniháttar breytingar á húsnæðinu, taka niður léttan vegg og gera þannig gott fundarherbergi úr tveimur rýmum og annað smálegt sem fylgir svona flutningum.

Í Sóltúninu þurfum við að hreinsa niður af háaloftinu, en þar eru gögn í eigu nokkurra

klúbba, haft verður samband við þá klúbba sem og þá klúbba sem funda í Sóltúninu núna. Treystum við á Lionsfélagi til aðstoðar við framkvæmdir og flutninga.

Hér með fylgja nokkrar myndir af nýju Lionsheimili í Hlíðasmára 14, eins og það leit út við kaup.

## Fréttir frá Lionsklúbbum Muninn Kópavogi

Hjá okkur í Lionsklúbbum Muninn var starfið 2015 – 2016 hefðbundið eins og sagt er að öllu leiti. Starfið gekk vel í klúbbum þó okkur hafi fækkað nokkuð. Það markverðasta sem gerðist var að við ákváðum á klúbbfundi í desember að veita utanaðkomandi aðila Melvin Jones viðurkenningu og er þetta í fyrsta skipti sem við gerum slíkt. Fyrir valinu var Ólafur Ólafsson, formaður Íþróttafélagsins Aspar.

Helgi Magnússon stofnfélagi afhenti Ólafi viðurkenninguna. Ólafur er vel að þessu kominn enda hefur hann starfað fyrir Ösp sem er íþróttafélag fatlaðra í hart nær 40 ár og hefur hann sinnt starfi sínu af þvítíkum krafti og einurð að það er aðdánarvert. Lionsklúbburinn Muninn hefur styrkt Ösp með verðlaunum á jólamótum þeirra. Að vera viðstaddur og afhenda þessi verðlaun er eitt af því besta sem við félagarnir gerum og skilur eftir þvítíka gleði og ró í hugum okkar.



Daniel G. Björnsson  
Blaðafulltrúi LKL. Muninn

# Fjölumdæmis- og umdæmisfundir í umdæmi 109 A og 109 B

Fyrsti umdæmis og fjölumdæmisfundir voru haldnir á Hótel Sögu 3. september. Góða mæting var á fundinn. Fundarstjóri var Eggert Leóví úr Lkl Fjörgyn.



Umdæmisstjórnarnir Gunnar Vilbergsson í 109A og Björg Bára Halldórsdóttir í 109B voru með sameiginlegt erindi.



Að venju voru afhent embættisbréf



Annar vara alþjóðaforsæti Lionshreyfingarinnar sagði frá störfum sínum. Hér er meðal annars klipp frá myndbandsupptöku þar sem hún er að senda kveðju til Noregs. Það eru margir sem óska eftir nærveru hennar, en hún er búin að fá boð til 70 staða á þessu starfsári.



Umdæmisstjórn 109A



Umdæmisstjórn 109B



Fjölumdæmisráð

## Lionsklúbburinn Eðna Akranesi

Lionsklúbburinn Eðna fór í vorferð eins og við höfum gert áður. Ferð okkar Lionskvenna á Akranesi var stærri í sniðum og lengri en vant er. 25 konur lögðu land undir fót þann 12. maí síðastliðinn og heimsóttu Búdapest. Þar nutum við lífsins og samverunnar í 5 daga og treystu vináttuböndin. Ferðin var í alla staði frábær. Við heimsóttum hestabúgarð, sigldum á Dóná, fengum okkur kaffi á New York cafe einu flottasta kaffihúsi Evrópu og skoðuðum listamannabæinn Szentendre svo eitthvað sé nefnt.

*Bestu kveðjur  
Ellen*



### Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.  
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

# Aldarafmæli Lions!



Samningur undirritaður við Öskju.



Við Dodge 1948.



Um borð í Hólmsteini.



Það má segja að aldarafmælið hafi farið af stað formlega með heimsókn alþjóðaforseta Bob Corlew 25. ágúst síðastliðinn, en þá heimsótti hann nokkra klúbba á Suðurnesjunum, heimsóknin hófst hjá Lkl. Sandgerðis þar sem aldarafmælistyndillinn var tendraður í fyrsta sinn. Efra Sandgerði, hús þeirra félaga var skoðað og forseti fræddur um alla þá vinnu sem þeir félagar hafa lagt í til að gera húsið upp, en það var mikil vinna sem þeir lögðu í þetta verkefni. Frá Sandgerði var forseta ekið í Dodge 1948 árgerð í Garðinn, þar heimsótti hann félagana í Lkl. Garður, sú heimsókn fór fram um borð í bátnum Hólmsteini, en það er verkefni klúbbsins. Gerður hefur verið samningur við Bílaumboðið Öskju um afnot af Kia Rio bifreið sem við höfum til loka apríl á næsta ári, undirritaður var samningur á milli Öskju og Lions og var það sjálfur alþjóðaforseti sem undirritaði samninginn fyrir okkar hönd en Sveinn Kristjánsson fyrir Öskju, það má líka geta þess að á sama tíma var Sveinn tekinn inn sem nýr félagi í Lkl. Garður, eftir því sem Bob



Með félögum í Sandgerði.



og síðan í Garðinum.

hélt þá væri Sveinn fyrsti félagi Lions sem tekinn væri inn í hreyfinguna um borð í bát ! Eftir heimsóknina í Garðinn var forseta ekið í Rolls Roys árgerð 1971 til Keflavíkur þar sem Brunavarnir Suðurnesja voru heimsótt, þar voru honum sýnd þau tæki og tól sem klúbbarnir hafa verið að gefa. Frá Brunavörnum var síðan haldið í Paradís þeirra félaga í Lkl. Njarðvíkur þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur og meðlæti og síðan að lokum gróðursetti forseti tré í gróðurreit þeirra Njarðvíkinga, tókst þessi heimsókn í alla staði mjög vel.

Aldarafmælisverkefnið nær yfir árin 2014 – 2018, á síðasta starfsári var Guðrún Björt Yngvadóttir aldarafmælisstjóri, Einar Þórðarson fyrverandi umdæmisstjóri var fulltrúi A umdæmis og Tryggvi Kristjánsson fráfarandi fjölumdæmisstjóri fulltrúi B umdæmis. Þar sem Guðrún Björt var í framboði til annars alþjóðaforseta baðst hún undan því að vera áfram í þessu embætti, í framhaldi tók síðan undirritaður að sér að stýra þessu verkefni, hafa þeir Björgúlfur Þorsteinsson fyrverandi fjölumdæmisstjóri tekið að sér að vera fulltrúi fyrir A umdæmið og Stefán Árnason fyrverandi umdæmisstjóri fyrir B umdæmið, vil ég nota

tækifærið og þakka þeim Einari og Tryggva fyrir þeirra störf í nefndinni.

Á síðasta starfsári var lagt til að klúbbarnir skipuðu aldarafmælisfulltrúa, nokkrir klúbbar hafa tilnefnt fulltrúa en enn eru það nokkuð margir klúbbar sem eiga það eftir. Ýmislegt verður gert til að minna á afmælið, klúbbar eru hvattir til að taka virkan þátt í þessu mikla verkefni og koma á framfæri við afmælisnefndina þeim hugmyndum sem þeir hafa. Lögd verður meðal annars áhersla á að klúbbarnir verði sýnilegir í sínum byggðarlögum. Nota hin ýmsu farartæki á milli staða hægt að fá lánað aldarafmælismerki til að setja á bíl, t.d. fornbíl, mótothjól eða hvaða farartæki sem er og hafa það merkt Lions. Allar hugmyndir eru vel þegnar, senda má póst á undirritaðann Pálma, palmiha@simnet.is, Björgúlf b.ulfur@gmail.com eða Stefán stefan@esveit.is Vekjum athygli – verum sýnileg á afmælisárinu!

Pálmi Hannesson  
Aldarafmælis – stjóri 2016 – 2018  
MD Centennial Coordinator



Bíllinn afhentur, Bob, Sveinn frá Öskju, Kjartan félagi í Lkl. Garður og umboðsmaður Öskju á Suðurnesjunum og Pálmi, Lkl. Garður.

# Lionsklúbburinn Ösp Akureyri

## Fáeinar myndir úr litríku starfi



Helga Sigurðardóttir og Laugheiður Gummarsdóttir nýjar Aspir hér á miðri mynd, ásamt meðmælendum sínum Valgerði Bragadóttur og Jónu Þórdardóttur.



Árdís Sigvaldadóttir Melvín Jones félagi lengst til vinstri ásamt fulltrúum úr félaganefnd og stjórn þeim Maríu, Önnu Sigríði og Ragnheiði.



Veglegir hægindastólar afhentir gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri og að sjálfsgöðu mátuðu Asparkonur stólana.



Skagfirðingar og Asparkonur sitja að spjalli.



Asparkonur í „bleikum“ október 2015.



Á vorðögum 2015 gengu Lára Svansdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir og Valrós Svansdóttir í Lionsklúbbinn Ösp. Hér eru þær ásamt formanni og meðmælendum.



Asparkonur á leið út í óvissuna. Lokafundur 2015.



„Hér sé stuð!“



Iðjuþjálfí í Glerárskóla tekur við Ipad-tölvu sem notuð verður við þjálfun barna með sérþarfir.



: „Nefndin með langa nafnið“ í fullum skrúða við undirbúning þorrablóts 2016.

## Lionsklúbbur Hafnarfjarðar og reiturinn góði



Lionsklúbbur vinna að ýmsum umhverfis-  
verkefnum, t.d. trjárækt og landgræðslu,  
hreinsun og snyrting svæða, merking á náttúru-  
og menningarminum. Lions á Íslandi átti þátt  
í stofnun Landverndar 1969 og hefur tekið þátt  
í mörgum íslenskum verkefnum í  
umhverfismálum. Umhverfisverkefni Lions á  
Íslandi hafa vakið athygli Alþjóðasamtaka Lions  
sem hafa gefið út sérstakt myndband um  
verkefnið. Hluti af því myndbandi var tekið í  
skógræktarreit okkar félaganna í Lionsklúbbi

Hafnarfjarðar. Klúbburinn er með land í fóstri  
fyrir ofan Sléttuhlíð, við Kaldársel. Búið er að  
vinna landið þar mjög vel, gera grasflöt og  
gróðursetja trjáplöntur. Á hverju vori eru farnar  
ferðir með fjölskyldunni í reitinn góða til að  
klippa tré, slá grasflötinn og gróðursetja nýjar  
trjáplöntur. Á liðnu sumri gerðum við mjög gott  
átak í að gera reitinn okkar meira aðlaðandi  
með því að setja þar tvö borð með áföstum  
sætum og tvo bekki til að sitja á. Þetta framtak  
okkar hefur mælst mjög vel fyrir hjá klúbb-

félögum þar sem ásókn að þessum fallega stað  
okkar hefur verið með mesta móti í sumar og  
klúbbfélagar og fjölskyldur hafa notið  
sumarblíðunnar ríkulega á þessu fallega og góða  
sumri.

*Friðgeir H. Guðmundsson  
Blaðafulltrúi LKH*





## Lionsklúbbur Reykjavíkur

Í maímánuði s.l. afhenti Lionsklúbbur Reykjavíkur Hugarafli styrk að verðmæti ein milljón króna, en Hugarafli eru félagasamtök á geðheilbrigðisviðinu.

Hugarafli hefur með starfi sínu haft mikil áhrif á sviði geðheilbrigðismála. M.a. hefur verið leitað til Hugarafli vegna stefnumótunar innan ráðuneyta, Reykjavíkurborgar og Landspítalans svo fátt eitt sé nefnt. Hugarafli er langstærsti virki notendahópur á Íslandi og ekki er vitað til þess að svo stór hópur notenda sé virkur meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndum.

Fyrir miðri mynd er Ragnar Ólafsson, þáverandi formaður Lionsklúbbs Reykjavíkur. Til vinsti við hann er Málfríður Hrund Einarsdóttir, formaður Hugarafli, en til hægri handar er Auður Axelsdóttir, forstöðumaður Geðheilsu-eftirfylgnar og í stjórn Hugarafli. Vinstra megin á myndinni eru félagar Lionsklúbbs Reykjavíkur í líknamefnd en til hægri eru stjórnarmenn í Hugarafli.



*Með bestu kveðjum  
Hrafn Magnússon, formaður líknamefnar  
Lionsklúbbs Reykjavíkur*



**Alþjóðlegt Lionsverkefni: Lestraráttak – Barátta gegn treglæsi**

**Börn í áhættu:  
Lestrarvandi**

**Málþing í Reykjanesbæ**

**Laugardaginn 5. nóvember 2016**

**Klukkan 10:30-13:00**

**Nánar auglýst síðar**



**Börn njóta þess að lesa**

## Frá Lionsklúbbum Sunnu á Dalvík

Ávordögum komu góðir gestir á fund til okkar í Sunnu en það voru Guðmundur Pálsson læknir á Dalvík og hópur sjúkraflutningafólks í Dalvíkurbyggð. Erindi þeirra var að kynna fyrir okkur Lionskonum, hugmynd að verkefni og óskuðu þau eftir aðstoð okkar við fræmkvæmd þess. Verkefnið var að safna fé til kaupa á LUCAS hjartahnoðtæki sem staðsett yrði í sjúkrabílnum í Dalvíkurbyggð.

Okkur í Sunnu fannst það heiður að fá að taka þátt í þessu verðuga verkefni sem kemur sér vel fyrir samfélagið okkar. Ákveðið var að hrinda af stað söfnun og leitað var eftir styrkjum til kaupanna í sveitarfélaginu okkar.

Í stuttu máli má segja að söfnunin gekk afar vel hjá okkur og tóku íbúar, fyrirtæki, félagsamtök og Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð afar vel í beiðni okkar og þann 1. júlí sl. var læknum á Heilbrigðisstofnun Norðurlands ásamt sjúkraflutningafólki afhent LUCAS tæki ásamt viðeigandi búnaði. Meðfylgjandi mynd sýnir Sunnukonur ásamt sjúkraflutningafólki við afhendinguna. Tæki sem þessi hafa breytt miklu í bráðameðferð við hjartastoppi. Og getur skipt sköpum þegar flytja þarf sjúklinga.

Sunnukonur eru afar þakklátar fyrir hversu vel verkefnið gekk og glaðar að geta lagt lið.

Við hlökkum til komandi starfsárs og okkar 1. fundur verður 13. september nk. Við höfum þó starfað óvenjumikið saman í sumar, en okkur bauðst fjáröflunarvinna sem við höfum verið að vinna af og til í sumar. Það eru skemmtilegar stundir þegar Sunnukonur hittast og vinna saman ☺



Bestu kveðjur frá Dalvík  
Auður Helgadóttir, fregniritari Sunnu.

## Minning + Sigurður Gíslason



Mér er ljúft að minnast míns góða félaga í Lionsklúbbi Bolungarvíkur Sigurðar Gíslasonar, eða Dúnna á Hóli eins og hann var oft nefndur. Leiðir okkar lágu saman þegar hann var kominn á efri ár, hættur launadum störfum og fluttur vestur á æskustöðvarnar í Bolungarvík.

Frá því að Sigurður gekk í klúbbinn og fram undir það síðasta var hann ótull við að sinna fyrirleggjandi verkefnum. Þótt félögum hafi fækkað nokkuð og heldur dregið úr starfinu hin síðustu ár var alltaf sami eldmóðurinn í Sigurði og engin

þreytumerki að finna eftir áratuga starf að Lionsmálum, fyrst í nokkur ár í Lionsklúbbi Reykjavíkur og síðar sem einn stofnfélagi Lionsklúbbs Borgarness haustið 1957 og fyrsti formaður hans.

Sigurður bar aldurinn sérlega vel og leit út fyrir að vera mun yngri en árin sögðu til um að mér fannst. Hann var síungur í anda og á velli allt fram á síðasta ár, vel með á nóttunum og lét sig ýmis góð mál varða.

Síðustu ár hélt hann einn heimili á Hóli í Bolungarvík, þar sem hann og kirkjan sem þar stendur, Hólskirkja, vöktuðu byggðina ef svo má segja. Hann fór ferða sinna á eldraudum Cherokee jeppa, svo ekki fór milli mála hver var á ferð og ekki lét hann sér vaxa í augum að aka einn milli landshluta. Þá sást hann stundum á létu bifhjóli. Fyrir fáeinum árum keypti hann sér bát og réri til fiskjar og einnig kom hann sér upp gróðurhúsi á Hólum.

Þegar Sigurður hélt upp á níræðisafmælið dugði ekkert minna en félagsheimilið í Bolungarvík og flugeldaskot. Engar vildi hann afmælisgjafir heldur óskaði hann þess að líknarsjóður Lionsklúbbs Bolungarvíkur nyti gjafmildi velunnara sinna. Klúbburinn hefur haldið úti myndarlegu skilti á góðum stað í bænum með loftmynd af Bolungarvík auk ýmissa upplýsinga og auglýsinga til að afla tekna fyrir klúbbinn. Sá Sigurður hin síðustu ár að mestu einn um að safna auglýsingum og sjá til að greitt væri samgjarnt verð fyrir þær, enda erfitt að neita hinum aldna heidursmanni um slíkt. Tókst honum með þessu að safna talsverðu fé ár hvert sem hann, gjarnan í eigin persónu, færði Bolvíkingum sem minna máttu sín.

Einhvern veginn liðu áratugirnir án þess að Sigurður hlyti þá viðurkenningu fyrir störf sín sem æðst er innan Lionshreyfingarinnar og kennd er við stofnanda hennar, Melvin Jones. Líklega hafa flestir haldið að hann hafi þegar fengið þessa viðurkenningu fyrir löngu enda tilefni ærin en það var ekki í hans anda að kalla eftir veggtyllum. Það var því eitt ánægjulegasta verkefni mitt sem formaður klúbbsins að fá að afhenda Sigurði þessa síðbúna viðurkenningu, 92 ára gömlum. Ekki fann ég annað en honum þætti vænt um hana.

Ég minnst Sigurðar með virðingu og þökk. Var hann mér og öðrum félögum Lionsklúbbs Bolungarvíkur sönn fyrirmynd í öllum störfum sínum og ekki þurfa þeir sem aldurinn færast yfir að kvíða ellinni ef þeim verður gefið að vera jafn ötulir, gefandi og vörpulegir á líkama og sál og hann.

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbi Bolungarvíkur þakka ég Sigurði Gíslasyni trausta og góða samfylgd.  
Jónas Guðmundsson.

# Ný kynslóð Kia Sportage



## SPORTAGE



The Power to Surprise

### Brunar fram úr öllum væntingum

Ný kynslóð Kia Sportage setur ný viðmið í hönnun, þægindum og öryggi. Búðu þig undir að venjast athyglinni, því Kia Sportage stenst ekki bara væntingar þínar — hann brunar fram úr þeim. Fyrsta flokks tæknibúnaður og einstök gæði gera hverja ferð ógleymanlega. Þú verður að prófa til að sannfærast.

Ný kynslóð Kia Sportage bíður þín í Öskju. Komdu og reynsluaktu.

### Nýr Kia Sportage á verði frá:

2WD 1,7 dísil, beinskiptur — **4.690.777** kr.

4WD 2,0 dísil, beinskiptur — **5.490.777** kr.

4WD 2,0 dísil, sjálfskiptur — **5.990.777** kr.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland

## Lionsklúbburinn Kaldá 30 ára

Lionsklúbburinn Kaldá í Hafnarfirði fagnaði 30 ára afmæli sínu í ár með ferð til Jersey. Farið var um hvítasunnuna í fjögurra daga ferð. Flugíð var til Gatwik og þaðan til Jersey. Jersey er stærsta eyjan af Ermasundseyjunum 116 km. Jersey er falleg og friðsæl, íbúar um 100 þúsund. Eyjan skiptist í 12 sýslur og hver sýsla hefur sinn sýslumann. Hún er gróðursæl og láglend. Mjög fallegur gróður, snyrtilegt umhverfi, fallegar baðstrendur, umferð í lágmarki – hámarks hraði 70 km/klst og íbúar vingjarnlegir. Íbúarnir eru flestir frönskumælandi. Opinbert tungumál er franska og enska. Íslensk kona Þórdís Eiríksdóttir sem búsett er á Jersey tók á móti okkur og fór með okkur um eyjuna og sagði frá því helsta. Allt mjög áhugavert. Á Jersey er til dæmis sérstakt kúakyn – þær fallegustu sem til eru! Og mjólkín úr þeim er mjög feit sem gerir það að verkum að afurðir þeirra eru einstakar. Orkideur vaxa villt á eyjunni, fuglalíf er fjölbreytt og þeir veiða m.a. ostrur til útflutnings. Ferðin var vel heppnuð og eftirminnileg og veðrið lék við okkur þessa daga.

Fleira var gert í tilefni afmælisársins.

**Klúbburinn gaf bæjarbúum bekk í tilefni afmælisins.**

**Verkefnið „BRÚKUM BEKKI“ er búið að vera í gangi í bænum í nokkur ár og er gjöfin hluti af því verkefni. Að verkefninu standa: Félag eldri borgara í Hafnarfirði, Félag sjúkraþjálfara og Öldungaráð í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Tilgangurinn er að stuðla að aukinni hreyfingu eldri borgara með því að bæta aðstæður til gönguferða í nærumhverfi bæjarbúa.**

Þar að auki voru Heilsugæslunni á Sólvangi gefin tæki sem nýtast Ungbarnaeftirlitinu og Mæðraverndinni.

Við hefjum nýtt stafsár fullar af orku eftir skemmtilegt afmælisár og ferð sem þjappaði hópnum enn betur saman.



*Hópurinn í St. Aubin's Harbour. Bær á suðurströndinni.*



*Vilttar orkideur á Jersey.*



*Falleg baðströnd.*



*Á myndinni er hluti Kaldárkvenna og er hún tekin þegar bekkurinn var kominn á sinn stað. Hann er staðsettur við Reykjavíkurveg gengt Hellisgerði.*

*Sesselja G. Sigurðardóttir  
fráfarandi formaður*